

Þjóðin gaf 22,5 milljónir

Landssöfnunin „Göngum til góðs“ gekk vonum framar. Takmarkið var 20 milljónir en samkvæmt síðustu tölum gáfu landsmenn 22,5 milljónir í baráttuna gegn alnæmi í sunnanverðri Afríku.

Söfnunin gekk afskaplega vel,“ segir Hannes Birgir Hjálmarsson, umsjónarmaður þessarar viðamiklu söfnunar sem Rauði kross Íslands stóð fyrir þann 28. október síðastliðinn. Á annað þúsund landsmanna gaf sér tíma þennan laugardag til að þræma um borg og bý, ganga í hús og standa með bauka við verlanamiðstöðvar til að ljá þessu góða málefni lið.

2 drengir gáfu 50.000 kr.

Öflug kynning fór fram á alnæmisfaraldrinum vikuna fyrir söfnunina. Dagleg fréttainnskot voru á Stöð 2 þar sem fréttamaður stöðvarinnar bar heim fréttir af ástandinu í Afríku. Þá voru forstjórar, stjórnálmenn, leikarar og fleiri fengnir til að auglýsa söfnunina. „Kynningin virðist hafa skilað sér mjög vel. Ég held sérstaklega að fréttainnskotin í sjónvarpinu hafi gert fólki kleift að átta sig á hversu alvarlegt ástandið



Vala Flosadóttir hástökkvari tók þátt í söfnuninni.

er. Því alnæmisfaraldurinn er þögl plága og hefur ekki verið í sviðsljósinu.“

Það sýndi sig strax í vikunni fyrir söfnunardaginn að kynningin hafði náð vel til fólks. Ýmsir sem vissu að þeir yrðu að heiman laugar-

daginn 28. október komu í höfuðstöðvarnar í Efstaleiti til að gefa í söfnunina. Nærri fimm þúsund hringdu í 907 2020, númer sem Landssíminn gaf Rauða krossinum endurgjaldslaut, og gaf hver þeirra 500 krónur. Fjöldmargir krakkar gáfu hagnað af nýlegum tombólum. Það sem gladdi fólk í Efstaleitinu kannski mest var þegar þangað stormuðu tveir guttar, 8 og 10 ára, með 50.000 krónur til að gefa í söfnunina. Drengirnir höfðu verið að safna í tvö ár og höfðu bara verið að bíða eftir rétta málefni.

Fyrir söfnunina voru bréf send til skólastjóra, bæjarstjóra og forstjóra og þeir beðnir um að hvetja sitt fólk til að taka þátt. Hjá Íslenskri miðlun á Stöðvarfirði bar hvatningin slíkan árangur að hver einasti starfsmaður gekk í hús þann 28. október.

Rauði kross Íslands þakkar innilega öllum þeim sem „gengu til góðs“ á söfnunardaginn og líka þeim sem létu fé af hendi rakna til að hindra útbreiðslu alnæmis í Afríku og hlúa að þeim sem þegar hafa sýkst.

Nánar er sagt frá því hvernig söfnunarfénu verður varið á bls.2-3.

Augnablikið skiptir sköpum

„Hver vill ekki kunna að bregðast við þegar það stendur í barni eða maður fær hjartaáfall,“ spyr Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra, sem skrifaði fyrir skömmu undir samkomulag Heilbrigðisráðuneytis og Rauða kross Íslands um að efla og bæta skyndihjálparkunnáttu almennings.

Samkvæmt samkomulaginu er Rauða krossi Íslands gert að leiða skyndihjálparfræðslu á Íslandi og skuldbindur Rauði krossinn sig til að bjóða fólki um allt land námskeið í skyndihjálpar. Þekking í skyndihjálpar hefur ósjaldan bjargað mannlífum og komið í veg fyrir varanleg örku. „Augnablikið skiptir oft sköpum þegar komið er að slysi,“ segir Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, formaður Rauða kross Íslands. Í kjölfar þessa samkomulags ætlar Rauði krossinn að efla skyndihjálparkunnáttu almennings en sérhæfð skyndihjálparnámskeið hreyfingarinnar fyrir vinnustaði hafa verið vel sótt. Samningurinn við ráðuneytið er mikil viðurkenning á því hlutverki sem Rauði krossinn hefur sinnt í áratugi, segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

Nístandi fátækt á túndrunni

Á norðurheimskautstúndrunni í Síberíu situr fólk og norpar í illa upphituum húsum og nær ekki að skrimta á lúsarlaunum. „Við gleymdumst á árunum 1992-7 eftir perestrojkuna,“ segir Alexei Marchenko, forseti bæjarstjórnar í smáþorpinu Ust.

Við segjum okkar ágæta sker stundum vera á „hjara veraldar“ sem telst þó varla sannferðug lýsing á tímum

GO-fargjalda og daglegra flugferða út í heim. Taimyr-hérað í Norður-Síberíu er hins vegar sannarlega á hjara veraldar. Tilfallandi þyrflug eru einu samgöngurnar út úr héraðinu meirihluta ársins. Það er að segja, fyrir þá sem hafa ráð á slíkum munaði. Um 44.000 manns búa í Taimyr og meira en helmingur þeirra lifir undir opinberum fátæktarmörkum. Dina Tuglakova býr með syni sínum í litlu húsi með einu herbergi

og biluðu sjónvarpi og nær ekki endum saman með 790 rúblur á mánuði (2350 ísl.kr.). Verðlag er hátt, mun hærra en í Moskvu, og heimilisútgjöldin hjá fólki eins og Dinu leyfa ekki einu sinni kaup á hlýjum kuldastígvélum.

Rauði krossinn hefur á síðustu fjórum árum sent tugi milljóna dollara til að koma í veg fyrir að fólkið á túndrunni svelti heilu hungri. Ekkert bendir til þess að kreppan sé að

leysast og því hefur hreyfingin nú kallað eftir frekari aðstoð. Nýlega voru 230 tonn af hjálpargögnum send til hinna norðlægu héraða í Síberíu og byrjað er að dreifa mat, fötum, hreinlætisvörum og skyndihjálparpökkum. Rauði kross Íslands brást skjótt við ákallinu og sendi 5 milljónir króna til Síberíu nú á haustdögum. Fénu verður einkum varið til að styrkja heimahjúkrun berklasjúklinga.

Ráðist á Rauða krossinn -einn látinn, 27 særðir

Bassam Balbeisi, starfsmaður Rauða hálfmáns í Palestínu, var skotin til bana á Gaza-svæðinu í lok september. Bassam týndi lífinu þegar hann reyndi að bjarga tveimur almennum borgurum sem lentu í skothríð milli Palestínuranna og Ísraelsmanna á herstekna svæðinu. Hann var 45 ára og lætur eftir sig eigin konu og 13 börn.

Rauði hálfmánninn í Palestínu rekur einu sjúkrabílaþjónustuna á sjálfsstjórnarsvæðunum og á hersteknu svæðunum. Ítrekað hefur verið ráðist á liðsmenn hreyfingarinnar. Nú hafa 24 sjúkrabílar verið grýttir eða orðið fyrir skotárásum og 27 meðlimir hreyfingarinnar hafa særst.

Fordæmir árásir á sjúkralið í Ísrael

Rauða kross hreyfingin hefur miklar áhyggjur af ofbeldinu í Ísrael þar sem hundruðir liggja í valnum og þúsundir hafa særst. Alþjóðaráðið og Alþjóðasambandið hafa hvatt deiluaðila til að virða mannúðarlög og tryggja öryggi almennra borgara. Hreyfingin fordæmir harðlega árásir á lækna og hjúkrunarlið en tugir sjúkrabíla frá palestínska Rauða hálfmánum og ísraelsku Rauðu Davíðsstjórnunni hafa orðið fyrir árásum. Hún minnir alla þá sem taka þátt í ofbeldinu að lækna og sjúkralið, spítala og annað sem tengist heilsugæslu verði að vernda undir öllum kringumstæðum. Læknar og hjúkrunarlið verði að fá að bjarga mannlífum í friði. Í nóvemberlok sendi Rauði kross Íslands fjórar milljónir króna til hjálparstarfsins, þrjár milljónir úr hjálparsjóði félagsins og eina milljón frá utanríkisráðuneytinu.

Hátískan í notuðum fötum

Rauða kross búðin, verslun með notuð föt að Hverfisgötu 39, var opnuð með glæsilegri tiskusýningu í nóvember. Stúlkur úr fegurðarsamkeppinni Ungfrú Ísland.is sýndu fatnað úr versluninni við mikla hrifningu og líklega eru bestu meðmælin með fatnaðinum sú staðreynd að meðal fyrstu viðskiptavina verslunarinnar voru engir aðrir en fyrirsætturnar sjálfar, sem fannst þær sannarlega hafa dottið í lukkupottinn.

Stúlkurnar gáfu vinnu sína, en þær munu á næstunni aðstoða Rauða krossinn á margvíslegan hátt. Samvinnunni við Ungfrú Ísland.is er ætlað að vekja athygli á sjálfbodastörfum, einkum í tengslum við Rauðakrosshúsið, athvarfi fyrir börn og unglinga í vanda.

Verslunin verður opin þriðjudaga til föstudaga kl.14-18 og á laugardögum kl.12-15.



Hvernig nýttast peningarnir?

Peningunum, sem landsmenn gáfu í söfnunina „Göngum til góðs“, verður m.a. varið til að fræða stóra hópa af sjálfbodaliðum um smitleiðir alnæmis. Í Malaví verður farið sú nýstárlega leið að styrkja fátækar fjölskyldur sem taka að sér börn sem hafa orðið munaðarlaus í alnæmisfaraldrunum er nú geisar í sunnanverðri Afríku.

Verðmæti milljónanna úr landssöfnun Rauða kross Íslands á eftir að margfaldast þegar peningunum hefur verið veitt út í samfélög fátækra í Suður-Afríku, Mósambík, Símbabve og Malaví. Rauða kross hreyfingin á svæðinu er þannig upp byggð að hver fjárstyrkur hefur dómínóáhrif á samfélagið. Í Afríku er nefnilega þættrið net sjálfbodaliða og verkefni Rauða

kross Íslands miðast einkum við að styrkja sjálfbodaliðana og þjálf þá til að breiða út fræðslu.

„Sjálfbodaliðar Rauða krossins njóta ákveðinnar virðingar víða í Afríku,“ segir Sigríður Guðmundsdóttir, deildarstjóri utanlandsskrifstofu Rauða kross Íslands. „Þeir sem hafa hlotið mikla þjálfun og eru komnir með reynslu fá sumir þínulítinn skúr í þorpinu sínu með verkjalyfjum og smokkum. Annars eru sjálfbodaliðarnir flestir ungt atvinnulaust fólk sem ákveður að nýta atvinnuleysistímamann með þessum hætti. Síðar meir fær það jafnvel vinnu út á þá reynslu sem það hefur öðlast hjá Rauða krossinum. Þannig að það er nokkuð eftirsótt að vera sjálfbodaliði á þessu svæði og sjálfbodaliðarnir eru auður hreyfingarinnar í álfunni.“

Söfnunarféð leggst við fram-

lag styrktarmanna Rauða kross Íslands í þrjú ár. Búist er við að heildarupphæðin verði nær 60 milljónir króna á næsta ári. Allt þetta fé verður lagt í baráttuna gegn alnæmi.

MALAVÍ: Munaðarlausu börnin

Ein átakanlegasta hlið alnæmisfaraldursins eru öll þau börn sem standa ein og munaðarlaus þegar foreldrar þeirra deyja úr alnæmi. Sigríður heimsótti lítið þorp í Malaví fyrir stuttu og rak í rogastans þegar hún sá aldursskiptingu þorpsbúa. „Við höldum fund þarna með nærri öllum þorpsbúum. Sáttum öll saman undir tré og það var svo sláandi mikið af gömlu fólki og börnum í hópnum. Þegar við fórum að spyrjast fyrir um þetta kom í ljós að unga kynslóðin, vinnuaflið, var að þurrkast út í þessu

Vatnið breytir öllu

Nú er að fara í hönd árlegt flóðatímabil í sunnanverðri Afríku. Ár bólgnu út af rigningavatni, flæða yfir bakka sína og eyðileggja uppskeru og heimili. Samfara flóðunum spretta upp ýmsar pestir, en sú versta er kólera. Hún breiðist meðal annars út þegar vatnið blandast saur og er svo notað til drykkju.

Kólerufaraldur var nær árlegur viðburður í Mudzi í Símbabve nálægt landamærunum við Mósambík, en í fyrra slapp héraðið alveg og íbúar þess eru að vona að þeir hafi alveg losnað við þessa skæðu plágu. Þeir þakka það nýjum vatnsbrunnnum og kömrum sem komið var upp á svæðinu í fyrra og voru kostaðir af Rauða krossi Íslands og nokkrum öðrum Rauða kross félögum.

„Að hafa ekki aðgang að hreinu vatni í nágrenni heimilisins veldur bæði veikindum og svo þurfa börnin að ganga langar leiðir að ná í vatn og þá komast þau ekki í skóla á með-

an,“ segir Gilbert Chiparushe, einn af öldungum héraðsins. „Hvort tveggja heldur okkur í viðjum fátæktar og hamlar allri þróun til hins betra.“

Þegar starfsmaður Rauða kross Íslands heimsótti héraðið nýverið mátti hvarvetna sjá eldri börnin fylla fötur af hreinu brunnavatni og hvítmálaða kamra merka litlum rauðum krossi við hvert hús. Þessu var komið upp í samvinnu við íbúa eftir sérlega skæðan kólerufaraldur fyrir tveimur árum. Samfara því að bora brunna og reisa kamra voru íbúar fræddir um hreinlæti.

Viðbrögð við hamförum miða fyrst og fremst að því að bjarga fólki úr bráðri hættu. En verkefnið í Mudzi sýnir að það getur vel borgað sig að framlengja björgunarstarfið með fyrirbyggjandi aðgerðum og stöðva þannig hina vondu hringrás hamfara og fátæktar.



Munaðarlausir strákar í litla þorpinu í Malaví sem Sigríður heimsótti. Þeir eru kannski auralitlir piltarnir en ráðalausir eru þeir ekki. Höfðu útbúið þessi ljómandi finu hljóðfæri úr oliubrúsum og öðru tilfallandi efni.

þorpi. Í þessu 2500 manna þorpi voru 300 börn munaðarlaus.”

Rösklega 10 milljónir manna búa í Malaví og talið er að um 600.000 börn í landinu séu munaðarlaus. Stjórnvöld hafa því efnt til fræðslu-átaks þar sem fjölskyldur eru hvattar til að taka að sér munaðarlaus börn. Rauði krossinn í Malaví hefur lagt stjórnvöldum lið í baráttunni með því að styðja þessar fósturfjölskyldur með ýmsu móti, m.a. sent þeim fót, teppi og mat.

Með hjálp söfnunarfjárins verður

nú einnig hægt að uppfæða sjálfbóðaliða í Malaví svo þeir geti byrjað að breiða út fræðslu um öruggt kynlíf, nauðsyn smokksins og einkvæni. Einnig verður reynt að fræða þá sem umskera börn, bæði stelpur og stráka, um smitleiðir alnæmis því algengt er að notaður sé sami hnífurinn á mörg börn. Þá verða ættingjar einnig þjálfaðir til að annast veika ástvinu.

KOSTNAÐUR: 33 milljónir kr. í þrjú ár.

Krakkarnir í Mudzi ná í vatn fyrir heimilið en núna fá þau hreint vatn úr nálægum brunnum, þökk sé brunnum og dælum sem komið var upp með styrk frá Rauða krossi Íslands. Ljósmyndir: Þórir Guðmundsson.



Kamrar sem Rauði krossinn lét reisa eru hvíttssamlega gerðir þannig að flugur sem sækja í saurinn komast ekki upp aftur og geta því ekki borið sjúkdóma á milli. Fræðsluherferð og það að nú er til nóg af hreinu vatni veldur því síðan að hreinlæti hefur aukist til muna.

Ouagadougou-yfirlýsingin

Viðamiklu heilbrigðisátaki var hrunðið af stað í Burkina Faso í september síðastliðnum þegar 51 landsfélag Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Afríku skrifaði undir Ouagadougou-yfirlýsingu. Þar með hafa landsfélögin skuldbundið sig til að fylgja aðgerðaplani sem mótað var eftir viðamikla könnun hreyfingarinnar á heilsugæslu í álfunni. ARCHI 2010 áætlunin er til tíu ára og er því ekkert upphlaup sem lamast jafnskjött og plakötin gulna.

Tíu forgangsverkefni felast í aðgerðaplaninu en megináhersla verður lögð á að berjast gegn alnæmi og HIV-smiti, malaríu, vannæringu og sjúkdómum sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningum. Alnæmisfaraldurinn er efstur á forgangslistanum enda er talið að um 24 milljónir Afríkubúa séu smitaðar.

SUÐUR-AFRÍKA: Þjálfun sjálfbóðaliða

Í Suður-Afríku hefur Rauði kross Íslands styrkt deild í Höfðaborg og verður nú hægt að halda þeim stuðningi áfram. „Við greiðum laun hjúkrunarkvenna sem heimsækja reglulega alnæmissjúklingana. Þá styrkjum við hjúkrunarkonurnar til að þjálfu ættingja hinna sjúku svo þeir geti sjálfir annast farsjúka ættingja sína. Þeir sjúklingar sem eru óvinnufærir fá sendan mat heim og við styrkjum þessa matvælaaðstoð.“

KOSTNAÐUR: Rauði kross Íslands hefur sent 3 milljónir kr. á ári til deildarinnar í Höfðaborg. Framlagið verður hækkað innan skamms.

MAPUTO-HÉRAÐ Í MÓSAMBÍK: Sjálfbóðaliðar og leikhópur

Rauði kross Íslands og Þróunarsamvinnustofnun átta frumkvæði að viðamiklu heilbrigðisverkefni sem hófst í Maputo-héraði í Mósambík á síðastliðnu ári. Á annað hundrað sjálfbóðaliðar verða nú fræddir um smitleiðir alnæmis svo þeir geti breitt þekkingu sína út til almennings. Rauða kross deildin í Maputo-héraði hefur líka gert út leikhópa sem fara á milli þorpa með sýningu á því hvernig nota á smokkinn og upplýsir áhorfendur í leiðinni um smitleiðir alnæmis. „Við höfum styrkt þessa hópa, m.a. útvegað þeim bíl, borgað fyrir sviðsmuni, hljóðfæri og annað tilfallandi efni sem þarf fyrir leiksýningarnar.“ Þá verður hluti söfnunarfjárins nýttur til að efla alnæmisfræðsluna í Maputo.

Hjálp



4. tölublað, 7. árg. nóvember 2000

Útgefandi: Rauði kross Íslands

Efstaleiti 3, 103 Reykjavík

Sími: 570 4000 **Fax:** 570 4010

Netfang: central@redcross.is

Veffang: www.redcross.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórir Guðmundsson

Umsjón: Lóa Aldísardóttir

Netfang: thorir@redcross.is

Útlit: Mátturinn og dýrðin

Umbrot: Blaðsmiðjan

Prófarkal.: Þórunn Hjartardóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Upplag: 12.000

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Þróður Þorkelsdóttir, formaður

Úlfar Hauksson, varaformaður

Gunnlaugur Dan Ólafsson, ritari

Björn Jónsson, gjaldkeri

Hörður Högnason

Sigurður A. Sigurðsson

Sigurður Kr. Sigurðsson

Torben Friðriksson

Sveinborg Helga Sveinsdóttir

Guðmundur R.J. Guðmundsson

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Guðný Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Árnadóttir

Konunglegar móttökur í Albaníu

„Mér leið eins og forseta Íslands,” segir Örn Ragnarsson um viðtökurnar í Delvína í Albaníu en þangað fór hann í október síðastliðnum til að athuga hvernig sendingar Kjósardeildarinnar hafa komið íbúum héraðsins að gagni. Þar heimsótti hann meðal annars skóla og sá með eigin augum að skólavörurnar frá Kjósinni hafa nýst vel í þessu landi þar sem skólastofur eru fátæklegar, en menntun á háu stigi og jafnvel valið í fótboltaeftir einkunnunum!

Örn fór til Delvína héraðs í Albaníu í október síðastliðnum og hafði meðferðis liðsbúninga frá Breiðabliki. Búningarnir voru ekki fyrir afhentir en ákveðið var að stofna fótboltaeftir, það fyrsta í sögu barnaskólans í bænum Delvína. Örn rak hins vegar í rogastans þegar hann sá hvernig valið var í liðið, þangað komust nefnilega þeir sem best höfðu staðið sig í bóknáminu. Enda rík áhersla lögð á menntun í landinu. „Ég heimsótti marga skóla þarna. Þótt mikill skortur væri á pappír, blýöntum, kennslugögnum og húsgögnum þá var menntun á mjög háu stigi. Ég fór til dæmis inn í stærðfræðitíma hjá 15-16 ára unglingum og þau voru í langtum erfiðari stærðfræði en ég lærði nokkurn tímann,” segir Örn, sem er sjálfur íslenskukennari í Klébergsskóla á Kjalarnesi.

Enskukennarinn stormaði til Albaníu

„Það var alger tilviljun að Kjósardeildin tók upp samstarf við Rauða kross deildina í Delvína-héraði,” segir Örn, af nokkurri högværð því

ekki var það giska helber tilviljun. Árið 1994 ákvað Evrópuráðið að finna vinaskóla á Vesturlöndum fyrir alla grunnskóla í Albaníu. Örn kennaði þá við Alþýðuskólann á Eiðum sem var úthlutað skólanum í Vergo í Delvína héraði en bærinn Delvína er helsti þéttbýliskjarninn í samnefndu héraði. Örn varð hugfanginn af þessu vinasamstarfi og um vorið hafði hann, með aðstoð nemenda sinna, safnað firnum af skólavörum og fatnaði. Upp á sitt einsdæmi ákvað enskukennarinn á Eiðum að halda til Albaníu með gjafirnar. Keypti sér sendiferðabíl og keyrði sem leið lá suður með Evrópu til að afhenda varninginn. Síðar flutti Örn á Kjalarnesið og eftir að hann gekk í Rauða kross deildina í Kjósinni var sjálfgerf að halda áfram samstarfi við Delvína. Í fyrstu heimsókn Arnar til héraðsins var Albanía af veikum mætti að rísa úr rústum eftir fimm-tíu ára einangrun og harðstjórn. „Þetta var árið 1995, fjórum árum eftir að einræðisherrann fór frá. Það ríkti gríðarleg bjartsýni og miklir draumar.”

Öllu núturlegra andrúmsloft tók á móti Erni þegar hann fylgdi eftir gámi frá Klébergsskóla árið 1998. „Viðhorf fólks hafði gjörbreyst á þessum fáu árum. Árið 1997 gerði fólkið uppreisn eftir að í ljós kom að fyrirtæki sem hafði sett upp píramídaávöxtunarkerfi í skjóli spilltra yfirvalda hafði stolið öllu sparifé almennings. Fólk braust inn í vopnabúr hersins og þegar ég kom þarna '98 var annar hver maður vopnaður. Bjartsýnin og krafturinn var horfinn og maður fann bara fyrir deyfð og vonleysi.” Síðan eru nú þrjú ár og öllu léttara orðið yfir fólki, segir Örn. „Fyrst þegar ég kom til Albaníu var bjartsýnin dúndrandi og allir



Það var ekki fyrir búit að afhenda Breiðabliksbúningana en fótboltaeftir var stofnað - skipað bestu námsmönnum barnaskólans í Delvína sem hlaut þá að gjöf. „Þarna fyrirverða menn sig ekki fyrir að skara fram úr í námi. Krakkarnir vita að það er menntunin sem veitir þeim tækifæri,” segir Örn.

ætlðu að rjúka í að opna bar/restaurant til að græða á túristum en nú var bjartsýni fólks orðin raunsæri. Menn eru komnir niður á jörðina. En framfarirnar eru sýnilegrar. Menn eru að leggja vegi og alls staðar er verið að byggja. “

10 dollara í ellilaun

Því þjóðin tapaði ekki bara sparifé sínu í lúkur ótindra glæpamanna. „Ofan á allt þá flúðu stórir hópar af Kosovó-Albönnum yfir landamærin þegar átökin í Kosovó stóðu sem hæst í fyrri og þá fengum við neyðarkall frá deildinni í Delvína því

Kosovó-Albanírnir voru að éta heilu fjölskyldurnar út á gaddinn.” Kjósardeildin svaraði neyðarkallinu um hæl og sendi þangað 40 feta gám með mat, hreinlætisvörum og fatnaði sem 900 fjölskyldur nutu góðs af. Neyðarástandinu létti þegar hördustu atökunum línnti og í ár var gámuninn frá Kjósardeildinni fyllt af ýmíss konar skólabúnaði. Örn sá þó glögg í heimsókn sinni í sumar að réttast er að beina aðstoð Kjósarinnar annað í framtíðinni. „Skólakerfið er býsna gott í Albaníu þó að aðstaðan sé slæm. Það er hins vegar ekki brýnast að bæta úr henni. Albrýnast er að styðja við ellilífeyrisþega í héraðinu, sérstaklega þá sem búa úti í sveitunum og fjallaþorpunum. Það eru um 400 ellilífeyrisþegar á þessu svæði sem lifa á ellilaunum frá ríkinu, um 10 dollurum á mánuði - en opinber viðmiðun á hungurmörkum á þessu svæði er um 35 dollarar. Auðvitað hefur Kjósardeildin ekki bolmagn til að koma öllu þessu fólki til hjálpar. Við verðum að þrengja hópinn með einhverju móti og beina svo kröftum okkar að gamla fólkinu í Delvína.”

Örn ásamt móður ritara Rauða kross deildarinnar í Delvína. Fátæk kona sem dró allt það besta, og mikið af því, fram úr búrinu þegar Örn bar að garði. Ekki fyllilega sátt við nútímann þó og ljósmynd af einræðisherranum fyrirverandi, Enver Hoxa, þrýðir enn stofu hennar.



Rösklega sjötugur hefur þessi maður ekki orku lengur til að eltast við rollurnar sínar og þá verða ellilaunin, 10 dollarar, að hrökkva til allra nauðsynja.